

STJÓRN STRÆTÓ BS.

Ár 2014, mánudaginn 24. nóvember, var haldinn 205. fundur í stjórn Strætó bs., á Hesthálsi 14, Reykjavík og hófst hann kl. 12:00. Mætt voru: Bryndís Haraldsdóttir, Kristín Soffía Jónsdóttir, Theódóra S. Þorsteinsdóttir, Sigrún Edda Jónsdóttir, Gunnar Valur Gíslason, Einar Birkir Einarsson og Ástríður Þórðardóttir, fjármálastjóri, sem ritaði fundargerð.

Tekið fyrir:

1. Starfslok framkvæmdastjóra.
Undirritaður starfslokasamningur lagður fram og stjórn samþykkir samninginn. Stjórnin þakkar Reyni Jónssyni samstarfið undanfarin ár og óskar honum velfarnaðar.
2. Ráðning nýs framkvæmdastjóra
Stjórn felur formanni stjórnar að auglýsa stöðu framkvæmdastjóra Strætó bs. lausa til umsóknar. Jafnframt er formanninum falið að semja við fjármálastjóra Strætó, Ástríði Þórðardóttur um að gegna stöðu framkvæmdastjóra félagsins þar til nýr framkvæmdastjóri verður ráðinn.
3. Starfsmannafundur
Stjórnin boðar til starfsmannafundar í dag og á morgun, þar sem framangreindar ákvarðanir stjórnar eru kynntar.

Fleira var ekki tekið fyrir.

Næsti fundur stjórnar er ákveðinn 28. nóvember 2014

Fundi slitið kl. 13:00

Bryndís Haraldsdóttir
Theódóra S. Þorsteinsdóttir
Sigrún Edda Jónsdóttir

Kristín Soffía Jónsdóttir
Gunnar Valur Gíslason
Einar Birkir Einarsson